

er þó að óhreinkast af þeim. Það eru þau áhrif, sem eg óttast að Ljót geti haft á þig. Eg vil ekki segja, að hún sé það, sem kallað er *vond stúlka*. Hún vill ekki gera þér neitt ilt. En áhrifin hennar á saklausu litlu stúlkuna mína óttast eg að geti orðið hin sömu og kolanna, sem *óhreinka*. Eg vil ekki, að *Liljan* mín óhreinkist og verði ljót.“

Lilja kysti mömmu sína.

—o—

HUGREKKI.

Fyrir fáum árum var hópur af mönnum að vinna að aðgerð járnbrautar á Englandi norðanverðu. Þegar þeir sjá hraðlestina koma, hlaupa þeir undan, en gá að um leið og þeir snúa sér við, að orðið hefur eftir verkfæri eitt, sem brúkað var við lagfæring járnbrautarteinanna, og er það rétt fyrir lestinni. Auðséð er, að slys muni verða og manndauði. Einn úr hópnum hleypur þá til baka. Hann hét Jakob. Losar hann verkfærið og nær því af brautinni; en rétt í því hann er búinn kemur lestin. Hann fékk ekki tíma til að forða sér. Lestin rekst í hann. Hún deyðir hann ekki; en meiðsli fékk hann af fyrir alt lífið. En aldrei iðrast hann þess. Hann hafði gert skyldu sína og orðið verkfæri til þess að frelsa líf fjölda manna.

LJÓDIN, sem prentuð eru hér að framan, eru regluleg föstuljóð. Þau eru fallegust fyrir það, hvað átakanlega vekjandi spurningarnar eru, sem komið er þar með til samvisku hvers okkar. Jesús er látinn spyrja, hvað við *gerum* og *viljum* gera fyrir *hann*, sem alt hefir gert fyrir okkur.

Æ! við þurfum að finna til þess, hvað *lítið* við *gerum* fyrir *hann*, sem alt hefir gert fyrir okkur. En þá líka finna til þess svo, að við förum að gera meira. Tilfinningin þarf að verða að verki, ef hún á að vera til nokkurs. Ætti lagið, sem fylgir ljóðunum, að ýta undir með þeim og ýta okkur á stað til þess að gera meira.

Ljóðin hafa áður birst á prenti á íslenzku—flest versin, í „Frækornum“, 5. árg. En í allt annarri þýðingu.